


Bárður Guðmundsson,
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Austurvegi 67
800 Selfoss



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 8. maí 2014
Tilvísun: UST20140400254/ksj

Tillaga að deiliskipulagi. Sandvík, Árborg, skólphreinsistöð. Leiðrétt bréf.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Árborgar er barst 22. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi skólphreinsistöðvar við Geitanes á Selfossi. Umhverfisstofnun sendi frá sér umsögn í bréfi dagsett 5. maí. Stofnunin leiðréttir hér með þá umsögn þar sem Ölfusá er ekki flokkuð sem síður viðkvæmur viðtaki.

Áætlað er að reisa hreinsistöð fyrir fráveitu á lóðinni Eyði-mörk 1. Frá hreinsistöðinni er áætluð útráslögn sem liggja mun norður Geitanes og þar út í Ölfusá. Núverandi útráslögn verður nýtt sem yfirfallslögn þegar ný lögn verður tekin í gagnið. Fyrirliggjandi er fráveitustofnlögn sem liggur frá Selfossbyggð norðan aðkomuvegar að skipulagssvæðinu.

Hreinsistöð

Fram kemur í greinargerð að áætluð hreinsistöð verður eins þreps fráveituhreinsistöð með síum og sandgildru sem þjóna mun þéttbýlinu á Selfossi. Einnig kemur fram að reiknað er með að hreinsistöðin anní allt að 800 l/sek. Umhverfisstofnun bendir á að þar sem Ölfusá er viðtaki sem ekki er flokkaður sem síður viðkvæmur viðtaki, þá skal hreinsa skólpið með tveggja þrepa hreinsun sbr. ákvæði reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Umhverfisstofnun bendir einnig á að ekki kemur fram í greinargerð hve mörgum persónueiningum stöðin muni anna á dag.

Lýsing

Ráðgert er að byggður verði varnargarður, grjótvörn norðan fyrirhugaðrar hreinsistöðvar þar sem hætta getur verið á flóðum í Ölfusá. Í greinargerð kemur fram að eftir vinnslu verði úrgangi komið á urðunarstað eða hann jarðgerður. Umhverfisstofnun bendir á að ekki kemur fram hver fyrirhugaður móttökustaður seyru er. Einnig bendir stofnunin á að jarðgerð þarf að fara fram í samráði við heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

Umhverfisáhrif

Umhverfisstofnun tekur undir að notaður verði gróður er hæfi svæðinu til að græða upp röskuð svæði. Einnig tekur stofnunin undir áætlanir um að settar verði upp gróðurmanir og að trjágróðri verði plantað til að minnka ásýndaráhrif framkvæmdanna.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

Lögmenn Suðurlandi ehf. Sigurður Sigurjónsson hrl, Austurvegi 3, 800 Selfossi